

622. fundur

Fimmtudaginn 30. mars 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari

1. Tekin var fyrir fundargerð 621 var hún staðfest.
2. Tekið var til framhaldsumræðu erindi frá Garra ehf dags. 13. mars 2017 um vöntun og/eða fyrirsjáanlega vöntun á nautakjöti, þá aðallega lundum og hryggvöðvum. Á grundvelli innsendra gagna frá framleiðendum og dreifingaraðilum telur nefndin að ekki sé skortur eða fyrirsjáanlegur skortur á nautakjöti, sbr. 1. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993.
3. Tekið fyrir erindi Sölufélags garðyrkjumanna ehf., dags. 27. mars 2017 um að hvítkál verði uppuði hjá íslenskum framleiðendum um 10. apríl nk. Ákveðið var að leggja eftirfarandi drög að reglugerð til umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	10.04.-30.06.17	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á hvítkáli. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

4. Tekið var fyrir erindi frá Íslenskum matvörum ehf., dags. 16. mars 2017 um vöntun á svínakjöti þá aðallega vöðvum úr læri til notkunar á skinku í sumar fram á haust. Ákveðið var að senda út fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila til að kanna stöðuna á markaðnum.
5. Farið var yfir fyrirspurn frá Stjórnunni ehf dags. 30. nóvember 2016 um athugasemd á útboðum ESB og WTO tollkvóta. Erindi var rætt og verður svarað.
6. Tekið var fyrir erindi frá Innnes ehf um vöntun á soðnum eggjum og gerilsneyddum eggjarauðum. Erindið var rætt og kom fram að í gildi til 30. júní 2017 er reglugerð nr.

566/2016 um úthlutun á opnum tollkvótum á frjóeggjum og eggjarauðum. Tollkvóti á eggjum og afurðum þeirra fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 var boðinn út í desember sl. Ákveðið var að senda út fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila um stöðu markaðarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.